

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH)
Hamraborg 9
200 Kópavogur

Kópavogur 11. júlí 2022

Varðar starfsleyfi fyrir fjórar rannsóknaborholur á Bláfjallasvæðinu.

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (HEF) barst umsókn um starfsleyfi fyrir jarðborun á fjórum rannsóknaborholum þann 31. janúar 2022. Í framhaldi vann HEF starfsleyfi og auglýsti á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, samþykkt 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu auk samþykkt nr. 326/2022, um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaganna á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

Athugasemdir, við auglýst starfsleyfi sem barst einungis frá fulltrúum SSH, voru tekin voru til skoðunar hjá Heilbrigðiseftirlitinu. Þann 28. júní sl. var haldinn fundur með fulltrúum SSH þar sem farið var yfir áformað starfsleyfi og fyrirhugaðar framkvæmdir á Bláfjallasvæðinu.

Starfsleyfin verða gefin út þegar fyrir liggur hvaða verktaki mun annast borframkvæmdir sem og gerð slóða og borstæða.

Virðingarfyllst,


Ríkhartur F. Friðriksson,
deildarstjóri umhverfis- og mengunareftirlits.